

\$200 | kr 9.900.-

Bókklaðan

Canon

Prentarar í miklu úrvali



\$300 | kr 15.900.-

ÓRÁÐ

FRÉTTABLAÐ

Á VESTFJÖRDUM

Bæjarins besta

ISSN 1670 - 021X

Miðvikudagur 11. september 2002 • 37. tbl. • 19. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Vefang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 200 m/vsk



Guðmundur Einarsson.
Bolungarvík

Enn hæstur yfir landið

Tíu af þeim tuttugu krókaafلامarksbátum sem hafa mestan kvóta á nýbyrjuðu fiskveiðiári bera einkennisstafina ÍS. Hæstur er sem fyrr Guðmundur Einarsson í Bolungarvík en hann er með 464 þorskígildistonn.

Í 4. sæti er Hrólfur Einarsson með 382 tonn, í 5. sæti er Hrönn með 337 tonn, í 6. sæti er Jakob Valgeir með 329 tonn, í 8. sæti er Hrefna með 308 tonn, í 13. sæti er Hermóður með 257 tonn, í 15. sæti er Huldu Keli með 245 tonn, í 17. -18. sæti eru Gæfan og Sóley með 238 tonn og í 19. sæti er Berti G með 234 tonn. Í þessum tölum sem Fiskifrétir unnu upp úr gögnum Fiskistofu er ekki tekið tillit til sérúthlutunar.

Af smábátum með aflamark er Ingimar Magnússon ÍS í 3. sæti, Mýrafell ÍS í 8. sæti og Kristín Finnbogadóttir BA í 16. sæti. Af tuttugu efstu eru ekki fleiri skráðir á Vestfjörðum.

Skólameistari Menntaskólans á Ísafirði á götunni í haust?

Ríkissjóður auglýsir eftir húsi fyrir embættisbústað

Í Morgunblaðinu á sunnudag auglýsir ríkissjóður eftir kaupum á einbýlishúsi á Ísafirði, um 200 ferm. að stærð að meðtöldum bílskúr. Hér er um að ræða væntanlegan embættisbústað fyrir skólameistara Menntaskólans á Ísafirði,

en rýma þarf núverandi leiguhúsnæði skólameistara nú í haust. Frestur til að skila inn tilboðum er því skammur og rennur út í lok þessarar viku. Skólinn hefur á að skipa þremur kennarabúðum í húsi við Sundstræti, auk einstaklings-

íbúða fyrir kennara í húsi heimavistarinnar, en fyrir nokkrum árum seldi ríkissjóður einbýlishús í Holtahverfi sem tilheyrði skólanum.

Bæjarstjórn Ísafjarðar samþykkti á fundi sínum á fimmtudag að taka þátt í kaup-

um á embættisbústað fyrir skólameistara. Ef Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur gera það einnig, eins og við er búist, verður hlutur ríkisins í kaupunum 60% en sveitarfélaganna 3ja við Djúp 40%.



Hólmavík hernuminn af konum?

– sjá nánar viðtöl í miðopnu við þríeykið sem stjórnar Hólmavík

Ráðning bæjarstjóra í Bolungarvík í stað Ólafs Kristjánssonar

Er um að þreifa fyrir okkur

„Ég er með ráðningarsamning til 1. nóvember. Ef þess yrði óskað er ég alveg tilbúinn að starfa með nýjum bæjarstjóra fram til áramóta og aðstoða hann meðan hann er að komast inn í starfið. Að öðru

leyti verð ég að vísa á forseta bæjarstjórnar. Það væri óeðlilegt ef ég væri eitthvað að hnýsast í þetta mál“, segir Ólafur Kristjánsson, sem lætur senn af starfi bæjarstjóra í Bolungarvík

„Við erum að þreifa fyrir okkur þó að það fari ekki hátt. Í sjálfu sér er ekkert annað að fréttu af þessu máli“, sagði Elías Jónatansson, forseti bæjarstjórnar Bolungarvíkur, þegar hann var spurður um

ráðningu nýs bæjarstjóra í stað Ólafs. Elías sagði að sjálfur yrði hann alls ekki bæjarstjóri en um það hefur verið þrálátur orðrómur. „Ég hef varla við að bera þetta af mér,“ sagði Elías.

SAMKAUP!

OPID:

Virka daga kl. 09 - 21

Laugardaga kl. 10 - 21

Sunnudaga kl. 12 - 21

Verið velkomin!

SAMKAUP!

NEISTA

HAFNARSTRÆTI 9-13

SÍMI 456 5460

Skip og bíll

Heildarlausn í flutningum

EIMSKIP **Flytjandi**

www.eimskip.is • Sími 456 5500 www.flytjandi.is • Sími 456 5500

Aðgengi verður bætt

Skógræktarfélag Ísafjarðar mun næsta sumar hefja þátttöku í samstarfsverkefninu Opin skógur sem Skógræktarfélag Íslands, Olís og Alcan á Íslandi hf. standa að. Í verkefninu felst að auka aðgengi almennings að skógum og útivistarsvæðum. Í Tunguskógi á Ísafirði verður aðgengið bætt með gerð göngustíga og ýmsum öðrum hætti.

Ofaniburður á heiðina

Á Þorskafjarðarheiði er nú verið að mala efni sem ætlað er til ofaniburðar á heiðinni. Vegurinn um heiðina hefur lengi verið afsþyrnulegur, sérstaklega þegar litíð er til þess hversu mikil umferðin er, og hljóta ökumenn að taka öllum lagfæringum á honum fegins hendi. Þær upplýsingar fengust hjá Vegagerðinni á Hólmavík að ætlunin sé að bera ofan í hluta vegarins.

Halldór Rafnsson sigraði

Halldór Rafnsson frá Golfklúbbi Akureyrar sigraði á Sparisjóðsmóti Golfklúbbs Glámu á Þingeyri á laugardaginn. Um var að ræða högguleik án forgjafar og fór Halldór á 78 höggum. Í öðru sæti varð Birgir Thomsen Karlsson, Golfklúbbum Glámu, á 87 höggum og þriðji varð Veera Khiansanthia, Golfklúbbi Bolungarvíkur, á 93 höggum. Keppt var í A- og B-flokki og tóku alls 18 manns þátt.



Fjórðungsþing Vestfirðinga sem haldið var í Bolungarvík

Vill að MÍ verði móðurskóli sjómanna- og stýrimannanáms

Fjórðungsþing Vestfirðinga vill að Menntaskólinn á Ísafirði (MÍ) verði gerður að móðurskóla fyrir sjómanna- og stýrimannanáms á Íslandi. „Mikilvægt er að efla iðnnám í fjórðungnum og gera nemendum kleift að ljúka sveins- og meistaraþrófi á Vestfirðum. Leggja ber áherslu á þær greinar verknáms sem eru atvinnuskapandi fyrir fjórðunginn og geta byggt á þekkingu og verkunnáttu heimamanna“, segir í ályktun þingsins, og lagt er til að í því samhengi verði MÍ gerður að miðstöð sjómanna- og stýrimannamenntunar hérlendis. Lögð er á það áhersla að MÍ sé skóli fyrir allan fjórðunginn og þannig verði hann að geta haft fjölbreytt nám í

boði, jafnt í bóklegum sem verklegum greinum. „Nauðsynlegt er að við fjárveitingar

til skólans sé tekið tillit til sérstöðu hans sem eina framhaldsskólans á afar stóru

landsvæði“, segir í samþykkt Fjórðungsþings Vestfirðinga.

Bæjaryfirvöld í Bolungarvík

Óska eftir endurupptöku eignarnámsbótamáls

Bæjaryfirvöld í Bolungarvík hafa falið Andra Árnasyni bæjarlögmanni að óska eftir endurupptöku hjá matsnefnd eignarnámsbóta á máli eigenda þriggja húsa við Dísarland í Bolungarvík. Bæjaryfirvöldum barst

bréf frá Ofanflóðasjóði 22. ágúst þar sem fram kom að ekki yrði unað úrskurði matsnefndarinnar, sem ákvað snemma í júní að eigendum húsanna þriggja skyldu greiddar samtals 57 milljónir króna í bætur, yrðu hús þeirra tekin eignarnámi.

„Við höfum ákveðið að fara þessa leið til að reyna að flýta fyrir og forðast það að málið fari fyrir dómstóla. Andra hefur þó einnig verið falið að kanna réttarstöðu bæjarsjóðs í þessu máli“, segir Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri í Bolungarvík.

Verkefni um sjávarbyggðir á norðurslóðum

Ísafjarðarbær hefur áhuga á þátttöku

Yfirvöld í Ísafjarðarbæ hafa lýst yfir áhuga á að taka þátt í rannsóknarverkefni um sjávarbyggðir í Kanada og á norðurslóðum. Verkefnið ber titilinn „Fishing in the North. A comparative study of devel-

opmental and coping strategies“. Við vinnslu verkefnisins eru bornir saman ýmsir þættir í samfélögum á norðurslóðum og litíð sérstaklega til þess hvernig fiskveiðar hafa þróast

úr sjálfrúptaveiðum yfir í iðnað og viðskipti með afurðir. Þá er litíð til þess hvaða áhrif aukin tækni hefur haft á sjávarbyggðir. Ef af verður, mun hluti verkefnisins verða unninn í Ísa-

fjarðarbæ, ásamt því sem ráðstefna um verkefnið verður haldin í bænum. Útlagður kostnaður er þó lítil, en bæjaryfirvöld hafa lýst yfir vilja til að aðstoða við útvegum aðstöðu og upplýsinga.

Vestfirðir

Jórvík annast sjúkraflugið

Flugfélagið Íslandsflug, sem hefur samning við ríkið um sjúkra- og áætlunarflug á Vestfirðum, hefur samið við flugfélagið Jórvík um rekstur flugvélar á Ísafirði. Þær upplýsingar fengust hjá Jórvík að til staði að nota vél af gerðinni Cessna 402C til verkefnsins, en vél slíkrar gerðar var til skamms tíma notuð í sjúkraflugi á Vestfirðum.

„Við erum einmitt að leita að húsnæði fyrir flugmennina“, segir Jón Grétar Sigurðsson, framkvæmdastjóri Jórvíkur.

Samkvæmt samningi skal flugvél vera til staðar á Ísafirði frá 1. október. Þá skal haldið úti áætlunarflugi milli Ísafjarðar og Bíldudals frá 1. desember og út apríl, nema heiðar milli haldist opnar.

Bolungarvík

7,9 milljóna króna lottóvinningur

Viðskiptavinur Shell-skálans í Bolungarvík hagnaðist um ófár milljónir af því að kaupa þar lottómíða. Sá heppni hlaut fimmmaldan vinning sem dreginn var út á laugardaginn fyrir rúmri viku, reyndar við fjórða mann, og fékk í sinn hlut rúmar 7,9 milljónir.

Vinningshafinn hefur gefið sig fram í gegnum síma en hefur ekki enn sótt vinninginn. Ekki er vitað hvort vinningshafinn er Bolvíkingur eða ferðalangur. Þess má geta að Fjórðungsþing Vestfirðinga stóð yfir í Bolungarvík þegar miðinn var keyptur og margir aðkomumenn því í bænum.

Guðmundur Ingi

Frá útgefendum:

Umboðs- aðilar BB

Eftirtaldir einstaklingar sjá um sölu og dreifingu á BB á þéttbýlisstöðum utan Ísafjarðar: **Bolungarvík:** Nikóllína Þorvaldsdóttir, Hjallastræti 38, sími 456 7441. **Súðavík:** Linda Rut Ásgeirsdóttir, Arnarflöt 9, sími 586 2192. **Suðureyri:** Deborah Anne Ólafsson, Aðalgötu 20, sími 891 7738. **Flat-eyri:** Gunnhildur Brynjólfssdóttir, Brimnesvegi 12a, sími 456 7752. **Þingeyri:** Anna Signý Magnúsdóttir, Hlíðargötu 14, sími 456 8233.

„Nú sái ég höfrum í mjúka mold / í margfaldrar uppskeru von. / Þó vinn ég ei arðsins vegna, / þá veldi ég aðra leið,“ sagði hinn önfirski bóndason í ljóðinu Vornótt, þar sem heimatúnin voru græn og angan grundarinnar og ilmur gróðursins bárust til guðs í hljóðri bæn.

Önfirski bóndasonurinn, sem átti trúna á landið að veganesti og fylltist fögnuði í vornóttinni þegar fræið, sem hann vænti að skilaði komandi kynslóðum ávöxtum iðju sinnar, féll úr hendi hans í mórauða moldina, var Guðmundur Ingi Kristjánsson, skáld og bóndi á Kirkjubóli í Bjarnardal í Öndarfirði, heiðurborgari Ísafjarðarbæjar. Hann lést í hárrí elli 30. ágúst og var jarðsettur í Holti á laugardaginn.

Guðmundur Ingi var lengst af bóndi að aðalstarfi þótt hann á langri starfsævi legði víða gjörva hönd á plóginn. Þrátt fyrir margvísleg störf má ætla að ljóð hans muni öðru fremur halda nafni hans á lofti. Að minnsta kosti á meðan Íslendingar meta einhvers þá andans íþrótt, sem ljóðagerð kallast og lifað hefur með þjóðinni öldum saman. Hiklaust má telja Guðmund Inga með merkari íslenskum skáldum síðustu aldar. Flest ljóða hans munu hafa orðið til í amstri

LEIÐGAFI

Aldið að árum leit skáldið og bóndinn um öxl: „Hér er mitt bú. / Og hér er minn fæðingarstaður. / Handtök mín / voru bundin þessari sveit. / Hér hef ég verið / vorsins hamingjumaður. / Vísnaverð mín / er sprottin úr þessum reit,“ Nýir tímar eru runnir upp. Leið önfirska bóndasonarins blífur ekki lengur. Arðurinn er orðinn herra mannsins: „Lokin í nánd. / Og þá neita ég ekki hinu / að nú eru málin / komin í erfiðan hnút. / Fjórúsin hrörleg, / fjór-ar sléttur í sinu, / og fullvirðisrétturinn / er leigður út.“

Guðmundur Ingi Kristjánsson var í senn víðsýnn heimsborgari, sem lét sig varða örlög heimsins og hugsjónamaður, sem aldrei þreyttist á að brýna skyldurnar við fósturjörðina fyrir samferðamönnum sínum.

Með Guðmundi Inga Kristjánssyni er genginn einn af merkari sonum Vestfjarða. s.h.

„Auðvelt fyrir okkur hér á Vestfjörðum að halda alþjóðlegar ráðstefnur“

– segir Einar K. Guðfinnsson og rómur mjög allar aðstæður og viðurgerning hér vestra

„Mér finnst það mjög athyglisvert að erlendu gestirnir komu flugleiðis beint frá Keflavíkflugvelli hingað vestur. Í mínum huga undirstrikar það fyrst og fremst þá staðreynd, að það er auðvelt fyrir okkur hér á Vestfjörðum að halda alþjóðlegar ráðstefnur“, segir Einar K. Guðfinnsson, formaður Íslandsdeildar Alþjóða þingmannasambandsins. Á sunnudag kom til Ísafjarðar tuttugu manna hópur þingmanna frá Íslandi, Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi ásamt starfsmönnum þjóðþinga landanna og dvaldist vestra fram á þriðjudag. Hér var um að ræða fulltrúa sem sækja muna fund Alþjóða þingmannasambandsins í Genf síðar í haust. Íslensku fulltrúarnir sem komu til Ísafjarðar voru þingmennirnir Einar Kristinn Guðfinnsson, Gísli S. Einarsson og Ásta Möller.

„Við höfðum tækifæri til að skoða okkur aðeins um á Ísafirði á sunnudagskvöldið. Það fór ekki á milli mála að gestirnir voru mjög hrifnir af

umhverfinu og náttúrunni hér. Jafnframt var mikil ánægja ríkjandi með allar aðstæður, viðtökur og viðurgerning heimamanna. Aðstæður til að halda hér fundi hafa reynst mjög góðar. Að mínu mati er tvímælalaust rétt að stuðla að því að ráðstefnur af þessu tagi séu haldnar hér vestra, og þá einnig stuttir fundir sem taka ekki nema einn dag. Þá er hægt að koma að morgni og erlendir gestir geta haldið utan og til síns heima sama kvöld ef þeir óska. Við getum dregið mikinn lærdóm af þessu. Stundum er sagt að við séum svo „langt í burtu“ hérna fyrir vestan en þetta dæmi sýnir að svo er ekki.“

Á mánudagsmorgun sátu þingmennirnir fund á Hótel Ísafirði, síðdegis var farið í skoðunarferð um nágrennið og um kvöldið var snæddur kvöldverður í Vigur. Á þriðjudag var haldið suður og erlendir gestirnir héldu utan samdægurs.

„Það er árvisst að við norrænu þingmennirnir hittumst til þess að undirbúa okkur fyrir



Þingmannahópurinn á Silfurtorgi á mánudaginn.

þingið og stilla saman hina norrænu strengi“, sagði Einar K. Guðfinnsson alþingismaður varðandi fundahöldin hér vestra. „Þannig stendur á nú að Ísland fer með formennskuna í þessu óformlega sam-

bandi okkar. Þar með lá fyrir að fundurinn yrði á Íslandi og ég taldi einfaldlega fara langbest á því að fundurinn yrði hérna fyrir vestan hjá okkur“, sagði Einar Kristinn. „Þetta var mjög ánægjulegur fundur

og gaman að taka á móti þessum góða hópi. Við förum yfir þau mál sem verða efst á baugi á þingi Alþjóðaþingmannasambandsins. Þar get ég nefnt plagg sem ég hef verið að vinna að með tveimur öðrum

þingmönnum, öðrum frá Suður-Afríku og hinum frá Thailandi. Það er athyglisvert að þessi vinna hefur að mestu farið fram með tölvupósti og það sannar enn hvað staðsetning manna skiptir litlu máli.“

Ísfirsku sýnendurnir á sjávarútvegssýningunni í Kópavogi

Kynningin hafði tilætluð áhrif

Íslenska sjávarútvegssýningin var haldin í Kópavogi í síðustu viku. Forsvarsmenn þeirra vestfirsku fyrirtækja og stofnanna sem þátt tóku á sýningunni eru sammála um að vel hafi til tekist og að kynningin hafi haft tilætluð áhrif. Ísfirsku fyrirtækin Póls og 3X-Stál höfðu sinn básinn hvort á sýningunni, en þar að auki höfðu hafnir Ísafjarðar-

bæjar og 11 önnur vestfirsk fyrirtæki sýningaraðstöðu.

„Ég held að þetta hafi gengið mjög vel hjá okkur, en það er erfitt að meta árangurinn strax að lokinni sýningu“, segir Guðmundur Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar. „Mín tilfinning er sú að okkur hafi tekist að ná til okkar markhóps, sem eru smábátasjómenn. Margir

þeirra sóttu básinn, þar af nokkrir sem höfðu landað hjá okkur áður og gátu sagt hvað þeim fannst um aðstöðuna“, segir Guðmundur.

Ellert Berg Guðjónsson, markaðsstjóri Póls hf., segir að miklir sölumöguleikar hafi skapast á sýningunni. „Við vorum að kynna nýja hugsun í gerð flokkara, en Póls hefur gert samstarfssamning við

Fiskvélar hf. um þróunar- og markaðsmál, og vorum við að kynna fyrstu afurðir þess samnings. Þar er um að ræða nýja línu flokkara, sem byggðir eru upp í einingum svo hægt er að stækka eða minnka tækni eftir þörfum“, segir Ellert.

Póls seldi nokkuð magn skipavoga á sýningunni. „Að auki eru alls kyns þreifingar í gangi og erum við að vinna úr



Guðmundur M. Kristjánsson yfirmaður hafna Ísafjarðarbæjar (til hægri) á tali við færeyska sýningargesti.

samböndum sem náðust á sýningunni“, segir Ellert.

Jón Páll Hreinsson, markaðsstjóri 3X-Stáls á Ísafirði, segir sýninguna hafa verið gagnlega og skemmtilega.

„Það var mikil umferð af fólki og miklir sölumöguleik-

ar sköpuðust. Við vorum að sýna karalyftu og snyrtilínu, en margir sýndu vörum mikinn áhuga. Við verðum í sambandi við þessa aðila og erum bjartsýnir á framhaldið“, segir Jón Páll.

Lögreglan á Ísafirði upplýsti tvö fíkniefnamál í síðustu viku

Ók undir áhrifum fíkniefna frá Bolungarvík til Ísafjarðar

Í síðustu viku handtók lögreglan á Ísafirði karlmann sem grunaður var um að hafa ekið bifreið sinni frá Bolungarvík til Ísafjarðar undir áhrifum fíkniefna. Maðurinn gisti fanga-geymslur á Ísafirði þar til daginn eftir þegar víman hafði af honum runnið. Þá var framkvæmd húsléit á

heimili mannsins í Bolungarvík og fundust þar nokkur áhöld sem hann kannaðist við að hafa notað til fíkniefna-neyslu.

Maðurinn er grunaður um að hafa verið undir áhrifum amfetamíns þegar umræddur akstur átti sér stað. Brot sem þetta varðar ökuleyfissviptingu og fjársektir.

Seinni part laugardagsins fann lögreglan á Ísafirði fíkniefni, rúmlega 1 gramm af tóbaksblönduðu hassi. Fíkniefnin fundust eftir að lögreglan hafði stöðvað akstur bifreiðar á Ísafirði. Í bifreiðinni voru tveir menn, annar 17 ára en hinn 22 ára gamall. Leitað var að fíkniefnum í bifreiðinni og eins á báðum þessum

mönnum. Fíkniefnin fundust á þeim eldri. Hann viðurkenndi að hafa átt efnin og ætlað þau til neyslu. Hann á von á refsingu vegna brots á lögum um ávana- og fíkniefni.

Sá sem var handtekinn með fíkniefnin hefur ekki áður komið við sögu lögreglu vegna fíkniefnamála.



Jóhann Jónasson hjá 3X-Stáli (til hægri) ásamt gestum.

Spænskt blaðafólk kynnir sér dásæmdir náttúrunnar við Ísafjarðardjúp

„Prufukeyra“ óvenjulegar brúðkaupsferðir

Blaðamaður og ljósmyndari frá spænska tímaritinu Lunas de Miel, sem fjallar eingöngu um brúðkaupsferðir eins og nafnið bendir til, voru fyrir síðustu helgi á ferð um Ísafjörð og nágrenni. Í fyllingu tímans er ætlunin að í tímaritinu birtist úttekt á dásæmdum svæðisins fyrir fólk sem vill fara í óvenjulega brúðkaupsferð.

Blaðafólk þetta var karl og kona eins og telja má við hæfi þegar brúðkaups-

ferðir eru „prufukeyrðar“. Meðal annars fóru þau til Bolungarvíkur og út í Vigur. Síðdegis á föstudag reru þau á kajökum undir leiðsögn heimamanns úr Suðurtanganum á Ísafirði yfir á Ísafjarðarflugvöll. Þau tóku land við suður-enda flugbrautarinnar og gengu þaðan til flugstöðvarinnar og fóru síðan flugleiðis suður. Tímaritið sem um ræðir kemur út fjórum sinnum á ári. Það er allt hið glæsilegasta og



Spænska blaðafólkið við landtökuna við flugbrautarendann á Ísafirði eftir kajakferð úr Suðurtanganum.

vel á þriðja hundrað blaðsíður hverju sinni. Ekki var annað á blaðafólkinu

að heyra en hér vestra væri margt sem freistað gæti ástfanginna Spán-

verja í brúðkaupsferðinni. Hver veit nema nema spænskar turtildúfur verði

fyrir en varir kurrandi á hverju strái við Ísafjarðardjúp?

Fjölmenni í Skálavík í Bolungarvíkurkaupstað á menningarminjadegi Evrópu

New York háskóli styrkir uppgröft og fornleifarannsóknir í Skálavík

Minjadagar voru haldnir í Skálavík handan Bolungarvíkur og víðar á landinu um helgina. Tilfnið var Menningarminjadagur Evrópu (The European Heritage Days) sem efnt hefur verið til að frumkvæði Evrópuráðsins og með

stuðningi Evrópubandalagsins frá árinu 1991. Í Skálavík gafst fólki kostur á að skoða minjar verstöðvar þar sem var útróður frá landnámsöld og fram á 20. öld undir leiðsögn fornleifafraeðingsins Ragnars Edvardssonar í Bolungarvík,

sem hefur unnið þar að uppgrefti í sumar.

„Ég sýndi fólki minjar og sagði frá verstöðinni sem er líklega frá miðöldum, en þaðan var róið allt fram á 20. öld“, segir Ragnar. „Fjöldi fólks kom um helgina og ég

er mjög ánægður með þann áhuga sem menn sýna fornminjunum.“

Í sumar hefur Ragnar grafið upp í einni verbúðinni lög frá 17. og 18. öld. „Núna er ég að loka uppgreftinum en ætla að opna hann aftur næsta vor. Þá

er ætlunin að halda áfram þessari vinnu, reyna að komast að þróun búsetu í Skálavík og aldursgreina minjarnar með meiri nákvæmni“, segir Ragnar. Uppgröfturinn í Skálavík er hluti af doktorsverkefni Ragnars, en skóli hans, New York háskóli, styrkir hann til vinnunnar.

Menningardeginn er ætlað að vekja athygli á áþreifanlegum minjum sem liðnar kynslóðir hafa látið eftir sig og þeirri menningararfleifð sem íslenskt nútímaþjóðfélag byggir á. Íslendingar hafa tekið þátt í menningarminjadegi Evrópu frá árinu 1998.

Það kemur slit í öll gólfefni!

Vörn á gólfið
Fallegri gólf
Auðveldum þrifin

Taktu enga áhættu!

100% ábyrgð
Allir bílar tryggðir
Fullkomin aðstaða

MASSI þrif og vernd - Sími 456 5198



Ragnar Edwardsson sýnir gestum uppgröft í Skálavík.

Aðeins spurningin hvenær en ekki hvort

– að mati Péturs Sigurðssonar, forseta ASV og formanns bráðabirgðastjórnar VV

„Ég vonast til þess að þegar yfir lýkur verði búið að sameina öll félög í Alþýðusambandi Vestfjarða í Verkalýðsfélagi Vestfirðinga. Þetta er frekar spurning um tíma en hvort af þessu verði eða ekki“, segir Pétur Sigurðsson, forseti Alþýðusambands Vestfjarða (ASV) og formaður bráðabirgðastjórnar hins nýja Verkalýðsfélags Vestfirðinga (VV). Um helgina var samþykkt í Verkalýðsfélagi Patreksfjarðar með aðeins einu móttakvæði að félagið skuli

ganga inn í VV. „Sameining við Verkalýðsfélag Vestfirðinga er einnig mjög til umræðu í fleiri félögum, einkum í Félagi járníðnaðarmanna á Ísafirði og Verslunarmannafélagi Ísafjarðar og reyndar líka bæði á Drangnesi og Reykhólum“, segir Pétur. Formlegur stofnfundur Verkalýðsfélags Vestfirðinga verður haldinn á Ísafirði um aðra helgi.

„Þegar við förum af stað með þessa umræðu fyrir sjö til átta árum voru villtustu draumarnir þeir að hægt yrði

að gera Alþýðusamband Vestfjarða að „félagi félaganna“ eins og það hefur í rauninni alltaf starfað. Nú er komið mjög langt á leið að þetta takmark náist. Ef það gengur upp að járníðnaðarmenn og verslunarmenn komi auk Patreksfjarðinga inn í Verkalýðsfélag Vestfirðinga, eins og góðar vonir standa til, þá verða komnir í félagið um 1.500 manns af um 2.050 sem eru í Alþýðusambandi Vestfjarða“, segir Pétur.

Seint á síðasta ári var

ákveðið í sex verkalýðsfélögum að sameinast í hinu nýja Verkalýðsfélagi Vestfirðinga, þ.e. í félögum á Bíldudal, Þingeyri, Flateyri, Ísafirði, í Súðavík og á Hólmavík. Í Súgandafirði var sameiningin hins vegar felld með þriggja atkvæða mun.

Ætlunin að efna til formlegs stofnfundar í Verkalýðsfélagi Vestfirðinga á Ísafirði 21. september enda þótt langt sé liðið frá því að sameining fyrstu félaganna sex var ákveðin og bráðabirgðastjórn kjörin.



Pétur Sigurðsson.

„Þetta er deildaskipt félag og formenn í deildunum sjálfkjörnir í aðalstjórn og verða því að fara fram aðalfundur í öllum deildunum áður en í félaginu sjálfu getur farið fram aðalfundur sem uppfyllir löggin í heild. Þangað til starfar félagið samkvæmt bráðabirgðaákvæðum. Þegar kemur fram í apríl má ætla að öllum formsatriðum í þessum ferli hafi verið fullnægt og komin stjórn sem byggð er á lögum félagsins“, segir Pétur Sigurðsson.

Loksins kemur ljós

Uppsetning ljóskastara við höggmyndina Úr álögum við Fjórðungsjúkrahúsið á Ísafirði er komin er komin á lista hjá Áhaldahúsi Ísafjarðarbæjar og verða þeir settir upp þegar hægist um hjá bæjarstarfsmönnum, að sögn Sigurðar Mar Óskarssonar bæjartæknifræðings. Ýmsum hefur þótt hægt ganga að lýsa verkið upp eins og hér hefur áður verið fjallað um. Í sumar var gert ráð fyrir að búið yrði að koma kösturum upp fyrir lok ágústmanaðar. Stytta var sett upp sumarið 2000 en kastararnir voru keyptir á síðasta ári og raflögn að henni var komið í jörð í fyrrasumar.

Starfsmannafélag Orkubúsins

Fagnar ályktun fjórðungspings um orkumál

Aðalfundur starfsmannafélags Orkubús Vestfjarða sem haldinn var 3. september sl., fagnar og styður ályktun 47. Fjórðungspings Vestfirðinga um orkumál. Þá hvetur aðalfundur S.O.V. hvetur sveitarstjórnarmenn á Vestfirðum og þingmenn hins nýja Norð-vesturkjördæmis (Vesturlands, Vestfjarða og Norðurlands-vestra) til að fylgja ályktuninni eftir að festu, við ráðherra iðnaðar- og viðskiptamála svo og við ríkisstjórn Íslands.

Í ályktun þingsins segir: „47. Fjórðungsping Vestfirðinga, haldið í Bolungarvík 30. og 31. ágúst 2002, skorar á iðnaðar- og viðskiptaráðherra að falla frá áformum sínum um sameiningu Rarik, Orkubús Vestfjarða og Norðurorku með höfuðstöðvar á Akureyri. Nái þessi áform iðnaðarráðherra fram að ganga má telja líklegt, að störfum að orkumálum fækki á

Vestfirðum þrátt fyrir samkomulag við ríkisstjórn Íslands um eflingu þessarar starfsemi í fjórðungnum.

Þingið skorar á ráðherra að efla Orkubú Vestfjarða með því að víkka starfssvæði þess, þannig að það nái til alls hins nýja Norð-vesturkjördæmis. Bent skal á, að umdæmin tvö sem um ræðir hjá Rarik eru nú þegar rekin að mestu sem sjálfstæðar einingar. Sú þjónusta sem þessi umdæmi fá frá höfuðstöðvum Rarik í Reykjavík er sú sama og höfuðstöðvar Orkubúsins eru með í dag fyrir sitt veituvæði.


Þingið tekur undir ályktun stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga, sem kynnt er á þinginu, og hvetur ráðherra til að hraða viðræðum um framtíðarstöðu orkumála á Vestfirðum við forsvarsmenn sveitarfélaganna og starfsmenn Orkubús Vestfjarða hf.“

Menntaskólinn á Ísafirði

Nemendum kennd handtökin við endurlífgun

Nemendur Menntaskólans á Ísafirði fengu í síðustu viku að kynna vinnubrögðum við endurlífgun undir leiðsögn Hermanns Niels-sonar kennara. Þetta var gert í tengslum við Evrópuþing í skyndihjálpar sem landsfélög Rauða krossins í Evrópu standa fyrir. Nemendum líkaði þessi tilbreytni vel og höfðu bæði gagn og gaman af. Að sögn Bryndísar Friðgeirsdóttur, svæðisfulltrúa Rauða kross Íslands á Vestfirðum, hefur Rauði kross Íslands á undanförunum árum lagt mikla áherslu á að sem flestir læri undirstöðuatriði í endurlífgun.

Niðurstöður alþjóðlegra rannsókna sýni, að hægt sé að koma í veg fyrir fimmta hvert banaslys í umferðinni ef þeir sem koma að umferðaslysum kunna undirstöðuatriði skyndihjálpar. „Þúsundir Íslendinga hafa notið leiðsagnar Rauða krossins í skyndihjálpar. Fullyrða má að fólk sem ræður yfir þekkingu á skyndihjálpar hefur bjargað mörgum mannlífum“, segir Bryndís.



Teikið á við hjartahnoðið í Menntaskólanum á Ísafirði.

Þjóðahátíð á Tálknafirði

Þjóðahátíð Vestfirðinga, sem stóð til að halda á Tálknafirði dagana 14. og 15. september nk. hefur verið frestað fram í byrjun október. Að sögn Sigríðar Ingibjargar Birgisdóttur, annars tveggja framkvæmdastjóra hátíðarinnar, gekk erfiðlega að hefja undirbúning dagskrárinna en hún mun nú vera nær fullkláruð. Þjóðahátíðin hefst föstudagskvöldið 4. október með tónleikum og þjóðbúningasýningu í íþróttahúsinu á Tálknafirði.

Áheyrnarfulltrúi

Samþykkt var á fyrsta fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar eftir sumarleyfi að heimila Magnúsi Reyni Guðmundssyni bæjarfulltrúa F-lista setu sem áheyrnarfulltrúi í bæjarráði. Í ráðinu eiga sæti Guðni G. Jóhannesson frá B-lista, Ragnheiður Hákonardóttir frá D-lista og Lárus G. Valdimarsson frá S-lista. Fjórir framboðslistar fengu kjörna fulltrúa í bæjarstjórn í vor en þar sem bæjarráð skipa aðeins þrjár fulltrúar var ljóst að ekki gætu allir listar sem aðild eiga að bæjarstjórn fengið mann í bæjarráð. Magnús Reynir mun ekki fá laun fyrir setu sína sem áheyrnarfulltrúi í bæjarráði nema á þeim tíma þegar sumarleyfi bæjarstjórnar stendur yfir en þá gegnir bæjarráð hlutverki bæjarstjórnar.

Grunnskóli Önundarfjarðar

Góð börn jafnt sem fróð

Í Grunnskóla Önundarfjarðar ríkir skólafestun sem er frábrugðin stefnu margra annarra skóla, svokölluð „Lífsleiknistefna“ sem var sett á laggirnar í byrjun skólaárs 2000. Skólustjórnendur á Flateyri fengu Jón

Baldvin Hannesson frá Íslensku menntasamtökunum til liðs við sig við framgang stefnunnar en einnig kom starfsfólk skólans að henni.

„Við ákváðum að einblína á mannrækt, sam-mannlegar dygdir, þjónustu við samfé-

lagið og alheimsskilning“, sagði Vigdís Gardarsdóttir, skólustjóri á Flateyri í samtali við blaðið.

Allir nemendur koma saman á sal skólans á hverjum morgni þar sem jákvæð hugtök eins og kurteisi, umburðar-



Morgunstund í Grunnskóla Önundarfjarðar.

lyndi, virðing, vinnusemi, metnaður og fleira er rætt fram og til baka.

„Svo gerum við hressandi

morgunæfingar fyrir líkama og sál, syngjum og förum svo glöð og ánægð í skólastofurnar“, sagði Vigdís.



Undanfarið hefur oft verið talað um „kvennaveldið“, „kvennaríkið“ eða jafnvel „konuríkið“ á Hólmavík eða eitthvað í þeim dúr. Í embætti sóknarprestisins þar hefur að vísu lengi eða liðugan áratug verið kona, sr. Sigríður Óladóttir, en í vor komu líka konur í embætti sýslumanns og sveitarstjóra, þær Áslaug Þórarinsdóttir og Ásdís Leifsdóttir. Þannig er forsjá andlegra

og veraldlegra málefna á Hólmavík, og jafnt á sviði sveitarfélags og ríkis, komin í hendur kvenna. Ekki hefur annað heyrst en Hólmvíkingar láti sér þetta kvenræði vel líka og séu jafnvel stoltir af því. Þessar þrjár forystukonur féllust á að koma saman á fallegum stað til að láta taka af sér mynd saman og spjalla svolítið við blaðið um veruna á Hólmavík og störfin.

Konurmar hertaka Hólmavík!

Prestur í víðlendu og stækkandi prestakalli

Sr. Sigríður Óladóttir er löngu rötgróin á Hólmavík, öfugt við þær Áslaug sýslumann og Ásdís sveitarstjóra, enda rúm tíu ár liðin síðan hún vígðist þangað að loknu guðfræðiprófi, þá liðlega þriðug að aldri. Hún tók sér nokkurt hlé frá skólagöngu áður en hún fór í háskóla, var um skeið á vinnumarkaðinum og fór síðan til Þýskalands um tíma til að nema þar þýsku og fleira. „En það var bara millistig. Svo fór ég í guðfræðideildina eftir að ég kom heim.“

– Er það einhver stefna hjá Hólmvíkingum að hafa konur í forsvari á sem flestum sviðum – er það kannski að fenginni reynslu af prestinum sínum sem þeir eru nú líka komnir með konur í stöður sýslumanns og sveitarstjóra?

„Ég skal nú ekkert segja um það“, segir sr. Sigríður. „Og því má ekki gleyma, að Hólmvíkingar voru komnir



Sr. Sigríður Óladóttir.

með konu í embætti sýslumanns löngu áður en þeir fengu konu í prestsstarfið!“

Hér vísar sr. Sigríður til þess, að á sínum tíma varð Hjördís Hákonardóttir fyrst kvenna til að gegna sýslumannsembætti á Íslandi þegar hún tók við því starfi einmitt á Hólmavík fyrir allmörgum árum.

– Hefurðu nokkuð séð út undan þér á svipnum á körlum hér á Hólmavík hvað þeim

finnst um allt þetta kvennaveldi?

„Þeir taka þessu ágætlega.“

– Ekkert kúgaðir á svipinn?

„Nei, ég get ekki ímyndað mér að þeim finnst þeir neitt kúgaðir!“

Sr. Sigríður er ættuð frá Hólmavík. „Foreldrar mínir eru héðan en fluttust burt áður en ég fæddist. Eldri bræður mínir eru fæddir hér. Fjölskyldan fluttist suður til Keflavíkur og síðan á Akranes og þar er ég alin upp.“

– Var það tilviljun að þú valdir að starfa á Hólmavík eða var það vegna upprunans?

„Það var nú ekki alveg tilviljun. Ég þekkti hér til en líka stóð þannig á þegar ég var að ljúka prófinu, að það var prestlaust hérna. Presturinn hafði farið í námsleyfi og sagði síðan af sér embættinu og það hafði enginn sóst eftir því í nokkra mánuði.“

– Hvað olli því helst að guð-

fræðin varð fyrir valinu?

„Það má segja að ég sé að nokkru leyti alin upp í kirkjunni. Ég tók mikinn þátt í kirkjulegu starfi á Akranesi, starfaði mikið með KFUM og K og söng í kirkjukórnum þegar ég var unglingur. Ég kunní ákaflega vel við mig í kirkjunni og guðfræðinámið má heita beint framhald af því.“

– Óneitanlega vekur það athygli hversu margar konur eru þjónandi prestar á Vestfjörðum eða einar fimm talsins – séra Agnes prófastur í Bolungarvík, séra Guðrún Edda á Þingeyri, séra Stína í Holti, séra Auður Inga Einarsdóttir á Bíldudal og svo þú. Hlutfallið gerist tæplega hærra í öðrum landshlutum.

„Já, ég held að Vestfirðingar séu ágætlega settir hvað þetta snertir!“

Sóknirnar í Hólmavíkurprestakalli sem sr. Sigríður þjónar eru nú fjórar – Hólmavíkursókn, Drangnessókn, Kollafjarðarnessókn og Kaldranessókn. Hins vegar stefnir í að sóknirnar geti orðið átta áður en mjög langt um líður. Þegar Sigríður er spurð hvort hún sé nokkuð að hugsa

sér til hreyfings eftir meira en áratug á Hólmavík og farin að huga að stærra brauði, er því ekki undarlegt þó að hún svari á þessa leið:

„Brauðið fer nú að stækka! Það stendur til að sameina prestaköll hér á svæðinu þannig að brauðið á eiginlega að stækka í allar áttir. Ætlunin er að ég taki við hluta af gamla brauðinu hans séra Baldurs í Vatnsfirði og með tímanum á Árnesprestakall að sameinast Hólmavíkurprestakalli. Síðan er séra Ágúst á Prestbakka að hætta. Prestakallið hans verður að líkindum lagt niður og væntanlega verður því skipt upp með einhverjum hætti. Þetta er stefnan enda eru þetta orðin fámenn prestaköll.“

Vegalengdir eru miklar í sóknnum sr. Sigríðar en eiga eftir að aukast stórlega þegar fleiri sóknir bætast við prestakallið. Hún kvíðir samt engu, hvorki misjöfnum veðrum né misjafnri færð, og minnr á að séra Andrés Ólafsson, sem var prestur á Hólmavík í 34 ár eða liðugan þriðjung aldar, þjónaði Árnessókn að auki árum eða jafnvel áratugum saman. Starfið er samt erilsamt og bindandi þótt ekki bætist

fleiri sóknir við.

„Svæðið er talsvert stórt nú þegar og starfinu fylgir að verða að vera alltaf til staðar þegar á þarf að halda. Svo fer ég um sveitirnar með barnastarf og annað. Þetta er vissulega annasamt og líka langt í næstu presta til að leysa af.“

Után embættis er sr. Sigríður áhugasöm um félagsmál og hefur mikinn áhuga á tónlist. „Ég réðst í það ásamt öðrum að stofna hér kvennakór og svo lenti ég í því að stjórna honum, eiginlega óvart! Þetta er mjög öflugur og skemmtilegur félagskapur.“

Þrátt fyrir áhuga sinn á kórstarfi er sr. Sigríður af skiljanlegum ástæðum eina konan á Hólmavík sem hefur ekki tók á því að syngja í kirkjukórnum við messur.

„Já, en ég hef samt sungið með honum við önnur tilefni og stundum æft með honum. En auðvitað get ég ekki sungið í honum við messurnar!“

– Þú ert ekkert að hugsa um að koma hér á fót einhverjum sérstökum kvennaklúbbi?

„Nei. Ég starfa af fullum krafti með kvennakórnum og hann má nú eiginlega teljast eins konar kvennaklúbbur.“

Nýjum félögum kynntur björgunarbúnaðurinn

Nítján ungmenni á aldrinum 13-16 ára voru mætt til að taka þátt í árlegum nýliðadegi unglingsdeildar Björgunarfélags Ísafjarðar á sunnudag.

„Svipaður hópur mætti í fyrri og annað eins í hitteðfyrri en þá var nýliðadagurinn haldinn hjá okkur í fyrsta skipti“, sagði Jóhann Bæring Pálmason, umsjónarmaður unglingsdeildarinnar. „Á þessum degi bjóðum við nýja félaga velkomna í deildina,

sýnum þeim búnaðinn sem við höfum og leyfum þeim að prófa eitt og annað.“

Meðal annars var farið með nýliðana í sjóferð á björgunarskipinu Gunnari Friðrikssyni og gúmmíbátar Björgunarfélagsins prófaðir. Síðan var m.a. farið í æfingar í sigi utan á olútönkum Skeljungs á Ísafirði og farið í nokkur atriði varðandi snjóflóðaleit. Æfing þessi og kynning stóð allan daginn.



Nýliðarnir um borð í Gunnari Friðrikssyni á sunnudag.

Engar reglur til um útnefningu heiðursborgara

Eini heiðursborgari Ísafjarðarbæjar fallinn frá

Guðmundur Ingi Kristjánsson skáld á Kirkjubóli, sem nú er látinn, var eini heiðursborgari Ísafjarðarbæjar. Fyrri heiðursborgarar Ísafjarðarbæjar, eins og bæjarfélagið hét fyrir sameiningu sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum, voru Úlfur

Gunnarsson læknir og Ragnar H. Ragnar skólastjóri.

Ekki eru neinar reglur um útnefningu heiðursborgara heldur gætu þeir verið fleiri en einn samtímis eða enginn eftir atvikum. Ekki mun hafa verið fjallað neitt um útnefningu fleiri heiðursborgara Ísa-

fjarðarbæjar á undanföllum árum, að minnsta kosti ekki formlega.

Annar heiðurstíll hjá Ísafjarðarbæ er nafnbótin bæjarlistamaður en hún er veitt í eitt ár í senn. Bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar árið 2002 er Vilberg Vilbergsson tónlistarmaður en árið 2001 bar Jónas Tómasson tónskáld þetta virðingarnafn. Engar skyldur fylgja nafnbótinni og engin réttindi, heldur einungis heiðurinn og nokkur fjárupphæð.

Samdráttur í sölu nýrra bíla

Bílasalar á Ísafirði eru sammála um að sala á nýjum bílum hafi dregist saman að undanföllum. Hjá Bílagarði ehf., fengust þær upplýsingar að bílasala hafi verið góð síðustu ár en mikils samdráttur hafi orðið vart að undanföllum. Hjá Bílasölu á Ísafjarðarflugvelli var svipað uppi í tengingnum. Þar sögðu menn meiri hreyfingu í sölu á ódýrari bifreiðum.

Bergmann Ólafsson hjá Bílatanga ehf., sagðist ekki vera mikið var við samdrátt í sölu nýrra bifreiða. „Mig hefur skort bíla og sem dæmi má nefna að helgina eftir verslunarmannahelgi voru fjórtán manns á biðlista eftir Toyota RAV jepplingi. Ég gæti trúað að það væri 11-12% samdráttur í sölu nýrra bíla sem er álika og í höfuðstöðvunum fyrir sunnan. Aftur á móti er a.m.k. 25% samdráttur í sölu notaðra bíla. Mest seldu bílarnir eru Toyota Yaris og Toyota RAV. Ef ég hefði getað fengið alla þá bíla sem ég vildi, væri enginn samdráttur,“ sagði Bergmann.

Körfuknattleikur

Bandaríkjamáður til KFÍ

Alls munu sjö meistaraflökks lið taka þátt í Íslandsmótinu í körfuknattleik sem hefst innan tíðar þar af eitt kvennalið. Meistaraflokkur KFÍ hefur sett stefnuna á úrvalsdeild á ný og kvennalið KFÍ hefur mikinn hug á

að leika að nýju í 1. deild. Mfl. KFÍ mun tepla fram Bandaríkjamanni í vetur.

KFÍ mun einnig tepla fram A, B og C liðum í 2. deild en þar leika einnig Hörður frá Patreksfirði, Reynir í Hnífsdal og lið UMFB.

Rigningartíð í júlí dró úr ferðalögum um Vestfirði

Hótelrekendur í Bjarkalundi og Flókalundi eru þó ánægðir

Hótelrekendur í Bjarkalundi í Reykhólahreppi og Flókalundi í Vatnsfirði eru sammála um að rigningartíð í júlí hafi dregið verulega úr ferðalögum Íslendinga. Þegar litið er á sumarið í heild eru menn hins vegar nokkuð sáttir. „Það gekk vel fram til 15. júlí en þá fór að rigna og ferða-

mannastraumurinn minnkaði verulega. Fjöldi gistinguþinga var á svipuðu róli og síðasta sumar en í júní voru þær heldur fleiri en á sama tíma í fyrri“, segir Guðmundur Ólafsson, hóteleigandi í Bjarkalundi.

Greiðasala verður í Bjarkalundi frá kl. 10-19 virka daga út september þar sem hægt

er að nálgast sætindi, gos og eldsneyti svo fátt eitt sé nefnt. „Svo verður matsala um helgar auk þess sem boðið verður upp á svefnpokagistingu“, segir Guðmundur. Sævar Pálsson, einn rekstraraðila Hótel Flókalundar, segir sumarið koma ágætlega út. „Nýting gistirýma var betri

en í fyrri. Aftur á móti setti rigningin í júlí strík í reikninginn, sérstaklega hvað varðar nýtingu á tjaldstæði. Staðreyndin er sú að Íslendingar ferðast ekki þegar rignir“, segir Sævar.

Opið verður í Flókalundi fram að síðustu helginni í september.

Náttúrufræðingur

Náttúrustofa Vestfjarða óskast eftir að ráða náttúrufræðing (líffræði, landfræði, umhverfisfræði eða sambærileg menntun).

Umsóknarfrestur er til 23. september nk.

Náttúrustofa Vestfjarða,

Aðalstræti 21, Bolungarvík, sími 456 7005, netfang: nv@isholf.is, vefang: <http://www.snerpa.is/nv>

Gengisfall Orkubúsins

Orkubú Vestfjarða var ekki aðeins framfaraspor á sínum tíma. Það var stórt stökk fram á veginn, inn í nútímann. Margar litlar rafveitur sameinuðust í eina og heildsölupátturinn var tekinn í fyrirtækið, því Rafmagnsveitur ríkisins lögðu sinn skerf starfseminnar inn í nýja heild. Þetta var fyrir aldarfjórðungi og stofnun OV jók íbúum á Vestfjörðum bjartsýni og þor. Ekki voru allir jafn bjartsýnir á árangurinn, sem sannast sagna verður að segja að hafi orðið framur björtustu vonum. Allir þættir varðandi orkusölu hafa tekið miklum framförum og fáum hefði dottið í hug að hægt yrði að koma upp hitaveitum í þéttbýli á Vestfjörðum, sem byggja á því að kynda upp vatn inn á sameiginlegt dreifikerfi eins raunin hefur orðið.

Þarflaust er að rekja söguna frekar en á ýmsu hefur gengið, einkum þó til framfara. Þó deila margir um ágæti þess að sveitarfélögin skyldu samþykka að ríkið leysti til sín þeirra hlut í félaginu. Þegar það var ráðið blasti við að fjárvana sveitarfélögum var fárra kosta völ. Ríkið bauð gott verð. Sá sem enga peninga á en þarf þeirra við er tilneyddur að grípa til ráða sem ekki yrðu notuð þegar allt gengur vel. Auðvitað seldu sveitarfélögin hlutinn sinn enda ekki á öðru völ. Margt var jú orðið breytt á rúmum tveimur áratugum. Sveitarfélög sátu uppi með þunga skuldabyrði vegna félagslegs húsnæðis eðli málsins samkvæmt. Þau báru skyldu til að kaupa af þinglýstum eigendum, sem stundum höfðu í raun eignast húsin fyrir gráglettni áratuga langrar verðbólgu en sumir áttu lítið í, vart

annað en réttinn til þess að kallast eigandi. Fækkun íbúa undanfarin einn og hálfan áratug var farin að segja rækilega til sín er lítið var á tekjur sveitarfélaganna á Vestfjörðum.

Orkubúið átti þrátt fyrir allt að teljast stolt sveitarfélaganna á Vestfjörðum. Fyrirtækið er vel rekið og hefur verið sýnt góða afkomu nokkra tíð eftir að hinni brýnu uppbyggingu lauk í framhaldi af stofnun þess. Kjarni málsins er auðvitað sá að sveitarfélögin seldu ríkinu sinn hlut, eign sem vaxið hafði mjög frá stofnun.

Verðið var gott og aðstæður ýttu undir. Nú er hins vegar svo komið að fyrirverandi bæjarstjóri á Ísafirði, sem tók með sér skuttogara þegar hann fór til Akureyrar vill nú fá OV líka. Svo segir að minnsta kosti almennarmur og máltækið segir hann sjaldan ljúga. Stofna skal nýtt fyrirtæki úr Norðurorku á Akureyri, Rarik og OV. Skyndilega hefur verðmæti OV fallið niður í nærri þriðjung af því sem ríkið gaf fyrir hann. Einar Oddur Kristjánsson er hinn eini sem mótmælir framgangi iðnaðaráðherra í þessum efnun kröftuglega og bendir á ósanngirnina sem fylgir, enda allar líkur á því að forræði á OV tapist annað og þá til Akureyrar ef af verður.

Ósagt skal látið hvort í raun sé skynsamlegt að kaupa OV aftur. En standa verður vörð um að halda starfseminni innan héraðs. Ekki má gleyma upphafinu, bjartsýninni og kjarkinum, sem segir okkur einfaldlega á táknrænan hátt að það teljist ósigur ef OV yrði stýrt að norðan eða annars staðar en frá Ísafirði.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í *Bæjarins besta* í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Netspurningin

Spurt var:

Ættu vestfirsk sveitarfélög að kaupa Orkubú Vestfjarða á ný?

Alls svöruðu 456. Já sögðu 357 eða 78,29% Nei sögðu 81 eða 17,76% Veit ekki sögðu 18 eða 3,95%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

„Hlýhugur og jafnframt miklar væntingar til Fræðslumiðstöðvarinnar“

– sagði Smári Haraldsson forstöðumaður að lokinni opunarathöfn á sunnudag

Um hundrað manns komu í heimsókn á sunnudag þegar Fræðslumiðstöð Vestfjarða var opnuð formlega í nýjum húsakynnum í Íshúsfélagshúsinu á Ísafirði eftir flutning úr Þróunarsetri Vestfjarða við Árnagötu. „Ég er afskaplega ánægður með þennan dag. Mér þykir vænt um hvað það komu margir og vænt um að finna við þetta tækifæri sem endranær þann hlýhug og þær miklu væntingar sem fólk hefur gagnvart Fræðslumiðstöðinni. Þetta setur auðvitað á mann ákveðna pressu að standa sig og standa undir væntingum, en það er bara gott“, sagði Smári Haraldsson forstöðumaður.

Nýja húsnæðið á efstu hæð Íshúsfélagshússins er um 400 fermetrar. Litlar breytingar þurfti að gera á því vegna hins nýja hlutverks þótt nokkur vinna væri við lagnir fyrir rafmagn, síma og tölvur. Í húsnæðinu eru kennslustofa, tölvuver, vinnuherbergi nemenda og skrifstofur.

Léttar veitingar voru á borðum og fólk gafst kostur á að skoða nýju aðstöðuna og ræða

ast niður milli kennslustunda. Aðstaðan hérna auðveldar okkur að bjóða nám á dagtíma, hvort sem það er háskólanám í fjarkennslu eða námskeið. Þá skapar tölvuverið möguleika á margs konar tölvutengdu námi á dagvinnutíma, en áður voru tölvuver skólanna notuð til kennslu hjá Fræðslumiðstöðinni og samstarfsaðilum hennar. Eini ókosturinn við flutninginn hingað er að fara úr því ágæta andrúmslofti og skapandi umhverfi sem ríkir í Þróunarsetrinu. Er hér með notað tækifærið til að þakka fyrir samstarfið þar.“

Vika símenntunar sem jafnframt hófst á sunnudag er helguð símenntun í atvinnulífinu. Þess vegna var ákveðið að nota tækifærið við opunarathöfnina til að kynna greiningerkerfið Markviss, sem er þróað til að meta og greina menntunarbörf innan fyrirtækja og stofnana. Guðrún Anna Finnbogadóttir flutti erindi um kerfið en Kristján G. Jóakimsson hjá Hraðfrystihúsinu-Gunnvöru hf. gerði grein fyrir Markviss-kerfinu



Fjölmenni var við opnun nýs húsnæðis Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða á sunnudag. Frá vinstri: Hallgrímur Kjartansson, læknir, Birna Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, Einar Kristinn Guðfinnsson, alþingismaður, Guðrún Anna Finnbogadóttir, Brynjar Ingason og Elías Jónatansson, forseti bæjarstjórnar Bolungarvíkur.

af sjónarhóli þess sem hefur reynslu af þjónustunni og fjallaði um viðhorf sitt og fyrirtækis síns til þessa verkefnis og til Fræðslumiðstöðvarinnar.

Starfsmenn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða nú eru Smári Haraldsson forstöðumaður, Brynjar Ingason sem er í 60% starfi og Lísbet Guðmundsdóttir sem sér um ræstingar. Að auki eru þar ráðgjafar vegna Markviss-verkefnisins þær Guðrún Anna Finnbogadóttir og Dagný Sveinbjörnsdóttir.

Nokkrir gesta við opnunina hlýða á ávarp Smára Haraldssonar, forstöðumanns Fræðslumiðstöðvarinnar.




Smári Haraldsson forstöðumaður ávarpar gesti.

við fjölmarga sem standa að fullorðinsfræðslu á Vestfjörðum með einum eða öðrum hætti. Smári Haraldsson forstöðumaður bauð gesti velkomna og gerði grein fyrir Fræðslumiðstöðinni, hlutverki hennar og verkefnum og starfsemi í vetur. Um kosti og galla þess að flytjast á hinn nýja stað sagði Smári:

„Þessi aðstaða sem Fræðslumiðstöðin hefur nú fengið skapar nýja möguleika. Nú verður mestöll starfsemi okkar hér á Ísafirði á einum stað í stað margra. Þessi aðstaða auðveldar okkur fylgjast með námskeiðunum sem við höldum. Nú verðum við í stöðugu sambandi við nemendur okkar og getum brugðist fyrr við ef eitthvað þarf að laga. Hér getum við boðið fólki upp á notalegri aðstaðu en í skólum þar sem varla er hægt að setj-



Á góðum bíl innanlands með AVIS og VISA



Pantaðu AVIS bílinn þinn áður en þú ferðast – Það borgar sig Minnum á VISA tilboð á bílum erlendis

Hringdu til AVIS í síma 591-4000

AVIS Kinnaravögl 2 – 104 Reykjavík – Sími 591 4000 – Fax 591 4040 – Netfang avis@avis.is

Haugtgaðningur fyrir korthafa VISA

Það er óþarfi að kaupa bíl fyrir fríð eða til að snúast í bænum

Vikuleiga / 7 dagar

Flokkur A Opel Corsa	kr. 21.999.-
Flokkur B Opel Astra	kr. 24.199.-
Flokkur C Opel Astra St.	kr. 29.999.-
Flokkur E Suzuki Jimny	kr. 29.999.-
Flokkur F Suzuki Vitara	kr. 33.000.-
Flokkur P Nissan Terrano	kr. 39.999.-

Ímfrétt í vörð er 7 dagar, 500 km, vsk. og trygging (því miðan við líkamatölleipi 7 daga.)
Ekkert bókanengjald. Gildir til 1.12.2002

Helgarleiga / 3 dagar

Flokkur A Opel Corsa	kr. 9.999.-
Flokkur B Opel Astra	kr. 11.999.-
Flokkur C Opel Astra St.	kr. 13.999.-
Flokkur E Suzuki Jimny	kr. 15.999.-
Flokkur F Suzuki Vitara	kr. 18.999.-
Flokkur P Nissan Terrano	kr. 22.999.-

Ímfrétt í vörð er 3 dagar, 250 km, vsk. og trygging (því miðan við líkamatölleipi 3 daga.)
Ekkert bókanengjald. Gildir til 1.12.2002



www.avis.is



Guðmundur Ingi Kristjánsson skáld og bóndi á Kirkjubóli kvaddur

Fjölmenni fylgdi heiðursborgara Ísafjarðarbæjar til grafar

Ísafjarðarkirkja var þéttsetin þegar Guðmundur Ingi Kristjánsson skáld og bóndi á Kirkjubóli í Bjarnardal og heiðursborgari Ísafjarðarbæjar var jarðsunninn. Prestur var sr. Stína Gísladóttir, sóknarprestur í Holti í Önundarfirði. Kistulagt var í Holti síðdegis á föstudag og síðan var húskveðja á hlaðinu heima á Kirkjubóli áður en kistan var flutt í Ísafjarðarkirkju þar sem hún stóð fram að athöfninni kl. 14 á laugardag.

Að henni lokinni var kistan flutt að Holti, þar sem Guðmundur Ingi var jarðsettur í nýrri viðbót sem gerð hefur verið við Holtskirkjugarð og sr. Stína blessaði við þetta tækifæri. Þessi viðauki er efst í garðinum og sér þaðan heim að Kirkjubóli, þar sem skáldið fæddist og ól aldur sinn langa ævi. Guðmundur Ingi var jarðsettur í kistu úr íslensku birki



Fulltrúar Ísafjarðarbæjar bera kistu skáldsins og heiðursborgarans úr kirkju á Ísafirði.

sem telja má umbúnað við hæfi þegar þessi vinur gróandans og íslenskra sveita var búinn til hinstu ferðarinnar.

Að athöfninni í Holtskirkju-garði lokinni bauð Ísafjarðarbær til erfisdrykkju í Holtskóla, þar sem Guðmundur

Ingi var kennari og skólastjóri um langan aldur. Mikið fjölmenni fylgdi skáldinu síðasta spölinn, ekki síst í ljósi þess,

að þegar fjörgamall maður á hlut að máli eru langflestir vinirnir og samferðamennirnir farnir yfir móðuna miklu.

Stuttar af bh.is

Fyrsti fundur eftir hlé

Fyrsti fundur bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar eftir sumarhlé var haldinn á fimmtudagskvöld í síðustu viku en bæjarstjórnin hefur ekki komið saman síðan 27. júní eða í rúma tvo mánuði. Bæjarráð gegnir hlutverki bæjarstjórnar meðan sumarhlé stendur. Fyrir fundinn voru lagðar um þrjátíu fundargerðir nefnda og ráða á vegum bæjarins sem safnast hafa upp frá síðasta fundi.

Bæjaryfirvöld ónærgætin?

„Ég harma þau óþægindi og það óryggi sem starfsfólk þjónustudeildar Hlífar á Ísafirði hefur orðið fyrir í samskiptum sínum við bæjaryfirvöld undanfarin ár“, segir í bókun sem Bryndís G. Friðgeirsdóttir (S) lét gera á fyrsta fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar eftir sumarleyfi í síðustu viku. Til umræðu voru uppsagnir á þjónustudeild Hlífar á sumar. „Atvinnumöguleikar fólks sem þarna á í hlut eru takmarkaðir og því hafa samskipti starfsfólks við bæjaryfirvöld einkennst af ótta við bæjaryfirvöld sem hefði mátt koma í veg fyrir með vandaðri vinnubrögðum og meiri nærgætni í samskiptum við starfsfólk“, segir einnig í bókuninni.

Grunur um neyðarmerki

Björgunarskipið Gunnar Friðriksson var kallað út rétt fyrir kl. 22 á fimmtudagskvöld í síðustu viku vegna merkja sem bærust og talin voru geta verið frá neyðarsendi. Ekki fékkst skýring á þessu en talið er að hér hafði getað verið um einhverja truflun frá flugi að ræða. Útilokaðir voru allir möguleikar á því að um bát eða skip gæti verið að ræða. Þegar Tilkynningaskyldan hafði athugað með allar fleytur var Gunnari Friðrikssyni siglt aftur inn og kom hann í höfn á Ísafirði skömmu eftir miðnætti.

Fjórðungsping Vestfirðinga vill aukið aðgengi Vestfirðinga að námi

Háskólasetur á Vestfirðum?

Hvatt er til stofnunar háskólaseturs á Vestfirðum í ályktun sem gerð var á Fjórðungspingi Vestfirðinga. Slíku setri verði ætlað að veita háskólanámi sem stundað er í fjórðungnum þá umgjörð sem þarf til skipulegrar uppbyggingar. Jafnframt er talið nauð-

synlegt að helstu staðir í fjórðungnum utan norðursvæðsins hafi aðgang að náminu gegnum fjarfundabúnað og tölvur. Samhliða uppbyggingu háskólaseturs verði starfsemi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða á sviði endurmenntunar og símenntunar eflað svo að mið-

stöðin geti enn betur svarað kröfum samfélagsins um auknið námsframboð.

Fjórðungspingið fagnaði jafnframt „þeim framfaraskrefum sem tekin hafa verið í menntamálaum í fjórðungnum á undanförunum misserum, einkum með stóru auknu fram-

boði á námi á háskólastigi.“ Þingið telur brýnt „að auka enn frekar aðgengi Vestfirðinga að námi á öllum skólastigum og að menntamálaráðuneytið komi að eflingu fjarkennslu og aðstöðu til fjarnáms í samstarfi við menntastofnanir og sveitarfélög“.

Steypa í brúnna yfir Ósá við Bolungarvík

Stóðst ekki brotpolsmælingu

Steypuframkvæmdir við gerð nýrrar brúar yfir Ósá við Bolungarvík hafa tafist nokkuð vegna ónógra gæða steypunnar. Þegar 28 dagar voru liðnir frá því sökklar voru steypdir, var steypa brotpolsmæld eins og venja er, og kom þá í ljós að hún stóðst ekki kröfur.

Vegagerðin stöðvaði framkvæmdir meðan rannsókuð voru steypusýni og skýringa leitað hjá Eyrarsteypu ehf., á Ísafirði. „Það tók langan tíma,

á þriðju viku. Eftir að blöndun á steypu hafði verið breytt, var gefið út nýtt steypuleyfi“, segir Örnólfur Guðmundsson, framkvæmdastjóri Hólsvéla ehf. í Bolungarvík sem hefur verkið með höndum.

Framkvæmdir ganga vel að öðru leyti. Steypdir hafa verið sökklar og stöplar og brúarplatan verður steypd í kringum 20. september. Gerð nýs vegar við brúna gengur þokkalega, en rigningar hafa sett strik í reikninginn. „Efnið er mjög



Frá Ósá við Bolungarvík er framkvæmdir hófust fyrir í sumar. blautt og erfitt, en að öðru leyti er allt í besta lagi“, segir Örnólfur. Gert er ráð fyrir því að umferð verði hleypt yfir hina nýju brú þann 15. september á næsta ári.



Pingeyri

Rekstri Sandafells hætt

Versluninni Sandafelli á Pingeyri hefur verið lokað. Þar með er engin matvöruverslun á staðnum ef undanskilin er sú greiðasala sem er á bensínstöðinni.

„Við erum eiginlega búin að loka. Það er ekkert umhverfi til að reka svona verslun. Rekstrar- og flutningskostnaður er allt of mikill“, segir Líni Hannes Sigurðsson, rafvirkjameistari á Pingeyri og einn rekstraradila Sandafells.

Verslunin Sandafell hefur verið starfrækt í fjögur ár. „Ég vil nota tækifærið og þakka viðskiptin á liðnum árum“, segir Líni Hannes. Engin matvöruverslun er heldur starfrækt á Flateyri né Suðureyri.